RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. febrúar 2011 02-2011020017
T-ums 09/11

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/1292
komudagur 11.2.2011

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum - 275. mál, þskj. 318.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 7. febrúar 2011 móttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er lagt til að sjómönnum verði áfram tryggður sjómannaafsláttur sem verði að færeyskri fyrirmynd um fiskimannafrádrátt.

Af þessu tilefni vill ríkisskattstjóri taka eftirfarandi fram: Með lögum nr. 128/2009 voru ákvæði um sjómannaafslátt felld úr gildi í áföngum frá og með 1. janúar 2011. Að mati ríkisskattstjóra var sú ákvörðun pólitísk og metur embættið það sem svo að ákvörðun um að endurvekja afsláttinn sé einnig af sama toga og tekur því ekki afstöðu til þess. Ennfremur telur ríkisskattstjóri ekki ástæðu til að gera efnislegar athugasemdir við þá tilhögun á sjómannaafslætti sem er að finna í frumvarpinu enda yrði um tæknilega útfærslu að ræða.

Virðingarfyllst

Skúli Eggert Þórðarson

Guðrún J. Jónsdóttir